

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 962 (22.10.2020) - Frá Dalvíkurskóla; Viðaukabeiðni vegna öryggismyndavélakerfis

Málsnúmer : 202010061
Málsaðili : Dalvíkurskóli
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 22.10.2020

Inngangur : Tekið fyrir erindi frá skólastjóra Dalvíkurskóla, minnisblað dagsett þann 13. október 2020, þar sem óskað er eftir viðauka vegna kaupa á öryggismyndavélakerfi á skólalóð Dalvíkurskóla að upphæð kr. 2.373.220 við deild 04210. Fram kemur að borið hefur á skemmdarverkum á skólalóð, t.d. skorið á mörk á fótboltavelli, rúður brotnar, veggjakrot og almennur sóðaskapur. Fram kemur að fjárhæðin rúmast ekki innan fjárhagsramma skólans.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun 2021, viðauka nr.33 á deild 04210 og lykil 2850 að upphæð kr. 2.373.220 og að honum verði mætt með lækkun á handbæru fé, vísað til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar.